

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Skrifstofa fjármálamarkaðar**
Dagsetning: **02.05.2022**
Málsnúmer: **FJR21080066**
Bréfalykill: **3.6**

Efni: 417. mál - Greiðslureikningar

Með tölvupósti, dagsettum 8. apríl 2022, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir afstöðu ráðuneytisins til þeirra efnislegu athugasemda sem gerðar eru í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) við 417. mál – Greiðslureikningar. Afstaða ráðuneytisins er eftirfarandi.

Gildistaka frumvarpsins

SFF gera athugasemd við fyrirhugaða gildistöku laganna skv. 29. gr. frumvarpsins og leggja til að gildistökunni verði frestað til 1. ágúst n.k. Að mati ráðuneytisins eru færð gild rök fyrir því að fresta gildistökunni svo tryggt sé að nægur tími gefist til undirbúnings, bæði hjá hagsmunaaðilum og stjórnvöldum til setningar stjórnvaldsfyrirmæla á grundvelli laganna.

Skilríkjavandi flóttamanna

SFF leggja einnig áherslu á að samhliða lögfestingu frumvarps til laga um greiðslureikninga verði lögfest breyting á 18. tölul. 3. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem taka ætti á þeim vanda sem skapast getur þegar flóttamenn sem eru án gildra skilríkja hér á landi geta ekki sannað á sér deili. Til rökstuðning fyrir tillögunni vísar SFF til eigin umsagnar við mál nr. 40/2022 í Samráðsgátt stjórnvalda.

Ráðuneytið bendir á að frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 140/2018 er í meðförum þingsins (594. mál). Í frumvarpinu er brugðist við athugasemdum og tillögum SFF að viðbót við upptalningu 18. gr. laga nr. 140/2018. Í 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu segir m.a.:

„Í nefndum d-lið 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að orðunum „meðal annars“ verði komið fyrir á undan upptalningu þeirra skilríkja sem teljast til viðurkenndra persónuskilríkja í skilningi 18. tölul. 3. gr. laganna. Er það gert í því skyni að taka af tvímæli um að upptalning ákvæðisins er ekki tæmandi um þau skilríki sem teljast til viðurkenndra persónuskilríkja. Af því leiðir að ekki er nauðsynlegt að tilgreina einstaka tegundir skilríkja í ákvæðinu, dvalarleyfisskilríki þar á meðal, enda teljist þau til viðurkenndra persónuskilríkja, uppfylli þau á annað borð þær kröfur sem ákvæðið gerir til þess að persónuskilríki geti talist viðurkennd.“

Ráðuneytið telur því að dómsmálaráðuneytið hafi brugðist við athugasemdum SFF og að ekki sé tilefni til frekari viðbragða.

Uppsögn rammamanna

Loks leggur SFF til að nýjum tölulíð verði bætt við 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins sem myndi heimila lánastofnunum að segja rammamanni um almennan greiðslureikning upp einhliða ef „neytandi misnotar réttinn til aðgangs að almennum greiðslureikningi og brýtur gegn skilmálum

rammasamnings eða skilmálum viðskipta sem vísa til rammasamnings.“ Í umsögninni vísar SFF til þess að umrætt viðbótartilvik byggir á ákvæðum laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu, að því er varða rammasamninga og skilmála slíkra samninga, og ákvæðum laga um viðskipti við lánastofnanir, m.a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sérlaga um tiltekna fjármálaþjónustu, að því er varðar skilmála tiltekinna viðskipta.

Í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins, sem endurspeglar 2. mgr. 19. gr. greiðslureikningatilskipunarinnar, eru tilgreind þau tilvik þar sem lánastofnunum er heimilt að segja einhliða upp rammasamningi um almennan greiðslureikning. Í 3. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjum veitt heimild til að tilgreina afmörkuð og sértæk viðbótartilvik þar sem lánastofnun getur einhliða sagt upp rammasamningi um almennan greiðslureikning. Skulu slík tilvik byggjast á ákvæðum landslaga og miða að því að afstýra misnotkun neytenda á réttinum til aðgangs að almennum greiðslureikningi. Um þessa heimild segir í 47. lið formálsorða tilskipunarinnar að slíkt geti aðeins átt sér stað annars vegar þegar um alvarleg tilvik er að ræða, t.d. þegar neytendur hafa framið afbrot, á borð við alvarleg svik gagnvart lánastofnun, með það fyrir augum að koma í veg fyrir að slíkt afbrot endurtaki sig. Slík viðbótartilvik í landslögum ættu þó að vera afmörkuð, sértæk og byggjast á nákvæmlega tilgreindum ákvæðum landslaga.

Eitt af meginmarkmiðum greiðslureikningatilskipunarinnar er að tryggja neytendum innan EES aðgengi að almennum greiðslureikningum, sbr. 16. gr. tilskipunarinnar. Öll frávik frá meginreglunni um aðgengi að greiðslureikningi ber að túlka þröngt. Með vísan til ofangreinds verður ekki séð að misnotkun á skilmálum rammasamnings sé slíkt viðbótartilvik sem vísað er til í 3. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar. Að mati ráðuneytisins vísar tillaga SFF því ekki til nægjanlega afmarkaðra og sértækra tilvika, í skilningi 3. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar. Einnig er óljóst til hvaða ákvæða í lögum er vísað, en samkvæmt tilskipuninni verða öll viðbótartilvik að byggjast á „nákvæmlega tilgreindum ákvæðum landslaga“.